

Skýrsla stjórnar FÍR 2022



AÐALFUNDUR

29. mars 2023

Efnisyfirlit

Stjórn og trúnaðarráð 2022	3
Stjórn	
Meðstjórnendur	
Trúnaðarráð	
Skoðunarmenn reikninga félagsins fyrir árið 2022	
Störf stjórnar og trúnaðarráðs	4
Öryggisnefnd FÍR	4
2F Hús Fagfélaganna	4
Kjaramál	5
Viðburðir	5
Sambandsstjórnarfundur RSÍ	
Þing ASÍ 2022	
Tæknidagur fjölskyldunnar	
Trúnaðarmannaráðstefnan	
Global Power Trade Union	
Gullmerki FÍR	
Aðalfundur Verkiðnar	
1. maí kaffið	
Jólaball RSÍ	
Viðburðir á vegum Rafiðnaðarsambandsins	
Lífeyrismál	7
Innsent frá framkvæmdarstjóra Birtu	
Orlofsmál	7
Menntamál	8
Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðarins 2022	
Buxur til nýnema	
Sveinspróf	
Framhaldið	8

Stjórn og trúnaðarráð 2022

Stjórn

Formaður: Andri Reyr Haraldsson

Varaformaður: Guðmundur Ævar Guðmundsson

Ritari: Sigmundur Grétarsson

Gjaldkeri: Þór Hinriksson

Meðstjórnendur

Kristján Helgason

Sigurður Freyr Kristinsson

Eiríkur Jónsson

Trúnaðarráð

Adam Benedikt Burgess Finnson	ON
Helga Sigurðardóttir	RARIK
Örvar Jóhannsson	Öryggismiðstöðin
Björn Gústaf Hilmarsson	Rafal
Guðmundur Gunnarsson	Hitatækni
Guðjón Viðar Guðjónsson	Fagkaup
Hafsteinn Hreiðarsson	Securitas
Jakob Þór Leifsson	Míla
Jón Ólafur Halldórsson	Smith & Norland
Jökull Harðarsson	Eimskip
Maríanna Ragna Guðnadóttir	Eskja
Rúnar Freyr Ragnarsson	Rafmiðlun
Svavar Jón Bjarnason	Landsvirkjun
Helgi Ingason	Rafholt
Viðar Már Þorsteinsson	Míla
Borgþór Hjörvarsson	Hitatækni

Skoðunarmenn reikninga félagsins fyrir árið 2022

Reynir Sigurbjörnsson

Magni Rafn Jónsson

Störf stjórnar og trúnaðarráðs

Eftir síðasta aðalfund þegar ný stjórn tók við hófst sú vinna að búa til vinnufrið og sátt innan stjórnar og trúnaðarráðs. Mörg verkefni hafa verið unnin og mörg af þeim markmiðum sem aðal og félagsfundir hafa sett okkur hefur verið náð.

Má þar nefna að Sveinar kusu sér um síðasta kjarasamning eins og kallað hafði verið eftir. Kosningu inn RSÍ um almenna kjarasamningin var skipt í þrennt : Sveinar / Tækni og símafólk / Grafía.

Einnig hefur verið unnið að því markvisst að rödd félagsins heyrist betur innan RSÍ og að á félagið sé hlustað, það er gert með málefnalega og faglega nálgun á alla okkar vinnu.

Boðið var upp á opið hús hjá félaginu svo félagsmenn gætu komið og rætt við stjórnarmenn. Er það eitthvað sem stjórn ætlar að halda áfram að þróa svo úr megi verða reglulegir viðburðir þar sem félagsmenn geta rætt við stjórn.

Þó árið hafi byrjað með fjöldatakmörkunum þá tókst að heimsækja, Akranes, Egilsstaði, Ísafjörð, Neskaupstað, Reyðarfjörð, Selfoss, Reykjanesbæ, Akureyri, Húsavík, Höfn og Sauðárkrók. Á fundunum var rætt um kröfgerð, kjaramál og það sem félagsmenn höfðu hug á.

Stjórn og trúnaðarráð félagsins hélt reglulega fundi yfir árið en stjórn ein og sér heldur að lágmarki einn fund í mánuði og oft tvo.

FÍR hefur komið á vinnufundum þar sem stjórn og trúnaðarráð hittast eftir trúnaðarmannaráðstefnu og unnið er að þeim málum sem brýnust eru hverju sinni. Kjaramál, lífeyrissjóður of.l. þá er oftast unnið í smærri hópum og þá hver hópur með sitt málefni til þess að fjalla um. Vinnufundur FÍR 2022 var haldin 18.-19. nóv á Selfossi í kjölfarið á trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ. Þar var fjallað um grunnmenntun rafvirkja og þróun á markaði, hvernig mætti nútímavæða námið án þess að skerða gæði.

Stjórn FÍR hefur sett mikla vinnu í endurskoðun menntamála rafvirkja og er þar helst að nefna aukna áherslu á nemakeppnir, þ.e.a.s Íslandsmót og Euroskills. Einnig hefur FÍR verið að leggja aukna áherslu á starfamessur og aðrar sambærilegar kynningar. Markmiðið er að auka sýnileika rafvirkjunar og kynna rafmagnnið sem spennandi valkost fyrir nemendur.

Öryggisnefnd FÍR

Öryggisnefnd FÍR hefur starfað töluvert árið 2022 og hefur lagt áherslu á rannsóknir rafmagnsslysa og hvernig þeim málum er háttað. En augljóst er að margir pottar eru brotnir á þeim vettvangi og mun félagið beita sér fyrir faglegri vinnubrögðum. Sérfræðingahópur með víðtæka reynslu af öryggismálum í rafíðnaði hefur verið settur saman með það að markmiði að vinnubrögð við nálgun á rannsóknnum rafmagnsslysa verði fagleg og færð upp á næsta stig. Formaður félagsins hefur þegar fundað með innviðaráðuneytinu um öryggismál í rafíðnaði og er ætlunin að taka fleiri fundi í framhaldinu.

2F Hús Fagfélaganna

Samstarf iðnfélaga undir merkjum 2F Fagfélaganna hefur gengið að mörgu leyti mjög vel, en þó misjafnlega vel milli félaga sem taka þátt í samstarfinu. Til þess að gera langa sögu stutta hefur FIT (Félag iðn- og tæknigreina) sagt sig frá samstarfinu, þó svo að þau séu enn til húsa að Stórhöfða 31.

Samstarf RSÍ, Matvís, VM og Byggið hefur gengið mjög vel og er fullur vilji allra félaga til þess að halda því samstarfi áfram og styrkja böndin enn frekar milli félaganna, enda sameiginlegir hagsmunir þessara hópa samvinnuðir að svo mörgu leiti.

Kjaramál

Kjaramál hafa mikið verið í deiglunni, enda mikið gengið á í samningum við Samtök atvinnulífsins, lagt var af stað með metnaðarfulla kröfugerð en þegar á hólminn var komið varð niðurstaðan skammtímasamningur með vinnuáætlun fyrir langtímasamning.

Náðist samkomulag um 6,75% hækkun með 66 þúsund króna hámarki ásamt breytingum á töflum og töxtum. Tókst okkar fólki að koma tvöföldu sveinsbréfi inn í samninginn ásamt styttingu á vinnuvikunni niður í 36 stundir. Styttingin var aðallega hugsuð til þess að einfalda kerfið enda voru í gangi margir misjafnir vinnutímar á markaði sem jók flækjustig og jók einnig hættuna á að fólk yrði hlunnfarið rétti sínum.

Ákvæðisvinnan hækkaði til viðbótar um 3% þar sem hún tekur ekki launaskrið eins og markaðslaun, var einnig sýnt fram á að hún hafi dregist verulega aftur úr í mjög langan tíma.

Ljóst var að ekki var lengra komist í samningum nema með átökum, samninganefnd mat það svo að réttast væri að leggja samninginn í dóm félagsfólks.

Samningurinn var samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta og því ljóst að sú ákvörðun var rétt.

Þegar þetta er skrifað er þó orðið ljóst að forsendur sem miðað var við í kjarasamningunum eru brosnar. Þar var miðað við verðbólguþátt upp á 5,5-6% fyrir árið 2023 og vegna þess að samningar voru innan ramma seðlabankans stóðu vonir um óbreytta stýrivexti í 6% en þegar þetta er skrifað er verðbólgan í 10,2% og stýrivextir 7,5%. Það er því næsta víst að ekki mun fást aukinn kaupmáttur á árinu 2023 með þeim samningum sem skrifað var undir.

Það má því segja að ærið verkefni sé fyrir höndum í komandi kjarasamningsviðræðum sem fer óðum að styttest í. Ekki er ólíklegt að komi til átaka á vinnumarkaði ef Samtök atvinnulífsins ætla ekki að koma til móts við launfólk vegna kaupmáttarrýrnunar. Því það er ljóst að skuldsetning fyrirtækja er lítil, arðgreiðslur í hæstu hæðum og laun sem hlutfall af veltu hafa lækkað. Það er því kristaltært að fyrirtækin í landinu eru aflögufær.

Viðburðir

Sambandsstjórnarfundur RSÍ

Fundurinn var haldinn á Egilsstöðum dagana 6. og 7. maí. Farið var yfir skýrslu miðstjórnar, ársreikninga RSÍ og starfsemi í Húsi Fagfélaganna.

Saga RSÍ er í bígerð og fóru Stefán Pálsson og Pétur Hrafn Árnason yfir söguna.

Eins var farið yfir viðhorfskönnun komandi kjarasamninga og hópavinna í framhaldi af því. Farið var yfir framtíðarskipulag Miðdals og umræður um punktakerfi orlofssjóðs. Endað var á að fara yfir kröfugerð og kjósa samninganefnd fyrir almenna kjarasamninginn (RSÍ-SA/SART).

Þing ASÍ 2022

Var haldið 10.-12. október, eins og alþjóð veit gekk það ekki vel og stór hluti þingfulltrúa gekk út af þinginu. Ljóst er að samstaða innan hreyfingarinnar er í mikilli óvissu og var þinginu frestað til lok apríl 2023.

Því lenti það á Kristjáni Þórði að halda áfram sem forseti ASÍ samhliða því að vera formaður RSÍ, það var þó skýrt að RSÍ og kjarasamningar iðnfélaga yrði hans forgangsverkefni.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Var haldin á Neskaupstað 1. okt og sendi FÍR fulltrúa þangað sem stóðu fyrir kynningu á rafvirkjun og rafmagni. Tæknidagurinn er gríðarlega vinsæll viðburður fyrir austan og mun FÍR ekki láta sig vanta á þennan viðburð um ókomna tíð.

Trúnaðarmannaráðstefnan

Var haldin 17-18. nóvember á Selfossi og var hún með hefðbundnu sniði, fjárhagsáætlun RSÍ var lögð fyrir trúnaðarmenn og leiðréttingar gerðar. Þá var farið yfir stöðu í yfirstandandi kjaraviðræðum enda runnu samningar út þann 1. nóv.

Meðal þess sem var á dagskrá trúnaðarmannaráðstefnunnar var hagfræðingur ASÍ Róbert Farestveit sem fór yfir stöðu efnahagsmál og framtíðar horfur.

Benóný Harðarson forstöðumaður kjarasviðs hjá Húsi Fagfélaganna ræddi um helstu mál sem koma til kjarasviðs.

Oft hefur verið betri mæting á trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ og ljóst að virkja þarf trúnaðarmannakerfið betur innan sambandsins.

Global Power Trade Union

Global Power Trade Union fundur var haldin á Írlandi 13.-15. nóv. Þarna koma saman verkalýðsfélög rafvirkja frá öllum heimshornum til þess að læra hvert af öðrum og styrkja samstarf milli landa. Þessi vettvangur er gríðarlega mikilvægur til þess að bera saman ýmis málefni milli landa, t.d. menntamál og réttindamál rafvirkja.

Gullmerki FÍR

Skipulag vegna gullmerkjaafhendinga FÍR fór á fullt í lok ársins, en gullmerki félagsins fá þau sem hafa verið í félaginu í 25 ár eða lengur. Merkin voru síðast afhent árið 2018 og var því töluvert uppsafnað sem átti eftir að afhenda. Farið var í vinnu við betri skipulagningu á gögnum sem snúa að afhendingunni.

Þegar þetta er skrifað er búið að afhenda merki á Suðurlandi, Akranesi, Egilsstöðum og Sauðárkróki. Næstu afhendingar fara fram á höfuðborgarsvæðinu og verða þær tvær eða þrjár talsins.

Aðalfundur Verkiðnar

Var haldin 28. júní, en Verkiðn heldur Mín framtíð, Íslandsmót í iðngreinum annað hvert ár og sér einnig um heildarskipulag vegna þátttöku Íslands í Euroskills.

Mótið var haldið í Laugardalshöll þann 16.-18. mars 2023 og þar keptu 11 keppendur frá 7 skólum í Íslandsmóti í rafvirkjun.

1. maí kaffið

Það er orðin fastur liður að félagsmenn mæti upp á Stórhöfða í kaffi eftir 1. maí gönguna og hefur fjöldinn farið vaxandi ár frá ári. Þá sérstaklega eftir að félagin innan 2F ákváðu að halda sameiginlegt kaffi allra iðnfélaga, það hefur mælst vel fyrir. Er gott til þess að vita að félagsmenn geti komið í húsnaði sambandsins, þegið hressingu og rætt landsins gagn og nauðsynjar.

Jólaball RSÍ

Jólaballið var haldið í desember í Gullhömrum og er árlegur viðburður sem vakinn var úr dvala eftir heimsfaraldur í ár. Mikill ánægja var með ballið meðal barna félagsmanna.

Viðburðir á vegum Rafiðnaðarsambandsins

Má finna í árskýrslu RSÍ sem mun verða birt á næstunni.

Lífeyrismál

Það hefur gengið á ýmsu í kringum Birtu lífeyrissjóð, þar ber hæst að nefna fjárfestingu sjóðsins í Play flugfélagi. Til þess að gera langa sögu stutta hefur formaður FÍR gangrýnt þessa fjárfestingu harðlega bæði á fulltrúaráðsfundi Birtu og á öðrum vettvangi. Framkvæmdarstjóri og fjárfestingarstjóri Birtu komu á fund með stjórn FÍR til þess að gera grein fyrir sínu máli.

Það er klárt að sjóðurinn þarf að fara eftir eigenda og fjárfestingarstefnu sjóðsins sem að okkar mati leyfa ekki áhættufjárfestingar í félagi sem er flaggað af ASÍ.

Endurútreikningur á lífeyri vegna lífaldurshækkun er ein mesta áskorun sjóðsins í töluverðan tíma og því þurfti sjóðurinn að bregðast við að fyrirskipun fjármálaeftirlitsins. Slíkar áskoranir eru hluti af þróun sjóðsins og það er okkar verkefni að bregðast við breyttum tímum, meðal annars í kjarasamningum.

Innsent frá framkvæmdarstjóra Birtu

Það er staðreynd sem stjórn og starfsfólk Birtu er meðvitað um að ávöxtun eigna á milli ára getur verið sveiflukennd og erfitt er að sjá fyrir áhrif heimsfaraldurs eða stríðsátaka sem gera sjaldnast boð á undan sér. Afkoma til lengri tíma skiptir því mestu máli þar sem hvert ár telur.

Þrátt fyrir að árið 2022 hafi verið sjóðnum óhagfelld með raunávötun -9,9% þá er meðaltal hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeildar sjóðsins s.l. fimm ár 4,1% og 4,5% yfir 10 ár þar sem tekið er tillit til forvera. Í báðum tilfellum eru langtíma meðaltölin vel yfir 3,5% langtíma viðmiði raunávöxtunar.

Tæknilegar framfarir í þjónustu teljast til viðskiptaþróunar og á undangengnum árum hefur sjóðurinn tekið stór skref í rafrænum lausnum sem gerir sjóðinn aðgengilegri fyrir sjóðfélaga. Þessar rafrænu lausnir sönnuðu gildi sitt í heimsfaraldrinum og stöðugt er unnið að umbótum til hagsbóta fyrir sjóðfélaga.

Birta lífeyrissjóðu er með 20.385 virka sjóðsfélaga. Hrein raunávöxtun Birtu í heild árið 2022 var -9,9% en meðaltal síðustu 10 ára er 4,48%.

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 567.303 milljörum. kr. í árslok, hrein eign séreignardeildar nam 19,5 milljörðum. kr. Hrein eign tilgreindrar séreignar nam 2,6 milljörðum. kr. í árslok.

Gerð er ítarlega grein fyrir stöðu sjóðsins í ársskýrslu Birtu fyrir starfsárið 2022.

Ársskýrslu Birtu má finna á vef sjóðsins, birta.is og hvejum við félagsmenn að kynna ársskýrsluna.

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldin mánudagin 3. maí.

Orlofsmál

Ágrip og tölfræði má nálgast í ársskýrslu RSÍ.

Menntamál

Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðarins 2022

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna færðist yfir til Rafmenntar á árinu, þar sér Ómar Rósenberg Erlingsson um þau málefni sem snúa að Ákvæðisvinnu rafiðnaðarmanna.

Ágrip vegna Ákvæðisvinnustofu má nálgast í skýrslu Rafmenntar sem kemur út eftir páska 2023.

Buxur til nýnema

Menntasjóður rafiðnaðarins fjármagnaði buxna kaup fyrir alla þá sem byrja í rafiðnaðarnámi í stað spjaldtölva sem voru ekki að nýtast nægilega vel í náminu. Verkefnið hefur tekist vel og mun halda áfram meðan þörf er á.

Sveinspróf

Nýsveinar í rafvirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafeindavirkjun 2019-2022.

Nýsveinar rafiðngreinum	2019	2020	2021	2022
Rafvirkjun	125	124	127	146
Rafveituvirkjun	3		11	1
Rafvélavirkjun				3
Rafeindavirkjun	7	11	22	1

Framhaldið

Það er ljóst að stjórn og trúnaðarráð félagsins sem tekur við á aðalfundi 2023 er full metnaðar og vilja til þess að vinna að heilindum fyrir félagið og leggja sig verulega fram til þess að endurspegla vilja félagsmanna FÍR.

Einnig er það skýr vilji að félagsmenn geti auðveldlega komið sínum skilaboðum á framfæri við stjórn og trúnaðarráð félagsins og að mark sé tekið á þeim.

Við erum full bjartsýni á framtíð félagsins og höfum trú á að félagið og félagsmennirnir munu standa af sér þær efnhagslegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í dag. Það er okkar hlutverk að verja kaupmátt félagsmanna og við munum ekki skorast undan þeirri ábyrgð!

Stjórn FÍR Reykjavík 2023

